



## Sameiginlegur fundur framkvæmda- og félagastjórnar Sósíalístaflokks Íslands – fundargerð

Mánudaginn 8. október 2018 klukkan 19:00- 20:45 fór fram sameiginlegur fundur framkvæmda- og félagastjórnar. Fundurinn var haldinn í Hlutverkasetri.

Mætt voru: Auður Traustadóttir, Bogi Reynisson, Andri Sigurðsson, Gunnar Smári Egilsson, Elsa Björk Harðardóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Pálína Sjöfn Þórarinsdóttir, Sigurður Gunnarsson, Viggó K. Jóhannsson, Ynda Gestsson, Reinhold Richter, Þórður Alli Aðalbjörnsson og Katrín Baldursdóttir sem tók þátt í gegnum fjarfundarbúnað.

Sanna Magdalena Mörtudóttir ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Fundargerð síðasta fundar

Lögð fyrir og verður borin upp til samþykktar á næsta fundi.

### 2 · Uppbygging sella

Hlutverk og uppbygging sella var rædd þar sem áhersla var lögð á að skapa hverfaskipta hópa þar sem sósíalistar ræða sín á milli og byggja upp sósíalískan félagsskap. Markmiðið með sellunum er að félagsmenn tengist sósíalístum í sínu nærumhverfi og virkji fleiri félaga til þátttöku. Umræða fór fram um hvernig best væri að ná til fólks og áhersla var lögð á mikilvægi þess að tala beint við fólk símleiðis. Góð reynsla hefur skapast af slíkum samskiptum í gegnum úthringingar, m.a. fyrir

kosningar og því var ákveðið að styðjast við þá leið í uppbyggingu sellanna. Elsa Björk bauð sig fram í það verkefni. Ákveðið var að skammtímamarkmið næstu vikunnar væri að meðlimar innan framkvæmdastjórnar ynni að uppbyggingu sella í sínum hverfum.

### 3 · Uppbygging annars félagsstarfs (Stéttabaráttan, Sósíalistakaffi, Stúdentafélag sósíalista o.fl.)

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í félagsstarfi og ákveðið var að leita til félaga sem hafa unnið undir liðnum *stéttabaráttan* til þess að móta næstu skref í þeirri baráttu.

Flokkurinn hefur reglulega haldið sósíalistakaffi þar sem jákvæð viðbrögð hafa ekki látið á sér standa. Framtíðaruppbygging sósíalistakaffisins var rædd, með tilliti til þemaskiptinga og tímasetninga.

### 4 · Tengsl og stuðningur sósíalista við hreyfingu almennings (leigjendur, neytendur, sjómenn o.fl.)

Í ljósi þess að hreyfingar leigjendasamtaka hafa verið að rísa upp, var staða húseiganda rædd, og í ljós kom að hún er oft mjög slæm og var ákveðið að kanna þær aðstæður betur.

Félag leigjenda hjá Félagsbústöðum var nýlega stofnað (sem Sósíalistaflokkurinn tók þátt í að byggja upp) og umræða fór fram um stuðning Sósíalistaflokksins við það félag. Einnig var rætt hvernig hægt væri að stuðla að aukinni þátttöku leigjenda hjá Félagsbústöðum innan þess félags.

Í aðdraganda kosninga til formanns og stjórnar Neytendasamtaka, fór fram umræða um slæma stöðu neytenda hér á landi og rætt var um mikilvægi þess að efla félagsmenn í baráttu neytenda til að vinna að hagsmunabaráttu almennings.

Fleira fór ekki fram á fundinum.